



1. Skólar sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.

Norðlingaskóli í Reykjavík hefur þann stutta tíma sem hann hefur starfað getið sér orð fyrir framsækni, nýsköpun og einkar heildstæða og skýra stefnumörkun og orðið fyrirmynd sem fólk víða að kemur til þess að skoða og læra af. Starf skólans er grundvallað á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi á eigin forsendum þroskast og dafna sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur.

Skólastarfið er reist á grundvelli stefnu um einstaklingsmiðað nám. Starfið er byggt á því að komið sé til móts við þarfir allra nemenda og að þeim líði vel. Litið er á margbreytileika nemendahópsins sem kost frekar en hindrun. Stefnan var mótuð í upphafi á heildstæðan og framsækinn máta þar sem Norðlingaholtið og nánasta umhverfi þess er samofið skólastarfinu og áhersla lögð á virk tengsl við foreldra og forráðamenn nemenda. Dyr skólans standa öllum foreldrum ætíð opnar og hlýlega er á móti þeim tekið.

Nám og kennsla í skólanum byggist á námsáætlunum fyrir helstu námsgreinar, einstaklingsbundnum námsáætlunum, smiðjum og fjölbreyttu vali á námsefni og námstengdum verkefnum. Árgöngum er kennt saman með það að markmiði að auka félagsfærni nemenda og auðvelda það að hver nemandi fari á sínum hraða á grunnskólagöngu sinni. Mikil áhersla er lögð á list- og verkgreinar og samþættingu þeirra við aðrar námsgreinar. Útikennsla er gerð að virkri kennsluáðferð þar sem Björnslundur í nágrenni skólans er m.a. nýttur sem kennslustofa.

Í Norðlingaskóla hafa fjölmörg þróunarverkefni verið sett á laggirnar. Nefna má þróunarverkefni um einstaklingsmiðað námsmat þar sem skólinn gegnir hlutverki móðurskóla, verkefni sem markvisst tengir saman starf leikskóla og grunnskóla og sérstaka áhugasviðssamninga við nemendur.

Stjórnunarhættir í Norðlingaskóla einkennast af faglegu hugrekki, samvinnu og virkri þátttöku starfsmanna. Skólinn hefur farið inn á nýjar brautir við að skipuleggja vinnutíma starfsmanna. Allt starfsfólk skólans vinnur í teyimum en markmiðið með þeirri áherslu er að nýta margbreytileika starfsfólksins og rjúfa hina hefðbundnu einyrkjastarfsemi sem er víða við lýði. Lögð er áhersla á mikla faglega umræðu meðal starfsfólks og vilja til nýbreytni þar sem skólaþróun er talin eðlilegur hluti af daglegum störfum. Með þessum hætti dreifist einnig undirbúningsvinna á fleiri hendur og fagleg forysta og þróun er byggð inn í stjórnskipulag skólans.

Starfsemi Norðlingaskóla fer fram í bráðabirgðahúsæði. Þrátt fyrir erfiðleika sem því fylgja hefur starfsemi skólans verið metnaðarfull, heildstæð, nemendamiðuð og í virkum tengslum við umhverfi sitt þar sem mörgum hindrunum hefur verið snúið upp í tækifæri. Það er mat dómnefndar að á þessum stutta starfstíma hafi í Norðlingaskóla verið unnið einkar áhugavert frumkvöðlastarf og að skólinn sé verðugur handhafi menntaverðlaunanna 2009 í flokknum *skólar sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi*.